



Norðurþing

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík sími 464-6100 nordurthing@nordurthing.

Menningar- og viðskiptaráðuneytið
b/t Lilju Daggar Alfreðsdóttur, ráðherra.

Norðurþingi 17. október 2023

Efni: Heimskautsgerðið á Raufarhöfn, verkefnið klárað með áhlaupi.

Í upphafi viljum við þakka af einlægni góðan hug þín og ráðuneytis þíns til uppbyggingar Heimskautsgerðisins og framlag fjárlaganefndar á fjárlögum þessa árs. Gerður var samningur um styrkinn við Menningar- og viðskiptaráðuneytið um alls 20 milljónir króna. Það framlag er nýtt til að móta og koma fyrir af fjórum skúlptúrum sem verða inni Gerðinu. Vinna við að höggva til steina er langt komin og samsetning og lokafrágangur er á dagskrá á næstu vikum.

Pólstjör nubendir er súla þar sem sjá má staðsetningu Pólstjörnnunnar með því að horfa í gegnum gat sem stillt er með ákveðnum halla í rauf. Pólstjarnan hefur verið helsti visir sjófarenda og þeirra sem ferðast um ókunn lönd í gegnum aldirnar þar sem stjarnan er alltaf á sama stað á næturhimni og vísar í norður. Altari elds og vatns er altari þar sem eldur logar og vatn er í skál. Þar eru frumkraftarnir eldur og vatn sem spila stóra rullu í öllum trúarbrögðum. Virðing fyrir þessum kræftum skapar trú og getur flutt fjöll. Hér getur fólk komið og hugleitt, óskað sér eða beðist fyrir, hvaða trú sem það aðhyllist.

Eins og fram hefur komið hefur Heimskautsgerðið verið í byggingu í vel á annan áratug þar sem mikið verk er að baki en miklu verki er enn ólokið. Þrátt fyrir háflklárað verk hefur Gerðið mikið aðdráttarafl fyrir Raufarhöfn og dregur nú þegar að sér þónokkurn fjölda ferðamanna á ári hverju þar sem aðrar byggðir kringum Melrakkaslétu og Langanes njóta góðs af.

Hugmyndir áhugafólks um að ljúka framkvæmdum ganga út að verkið fari inn á sérstök fjárlög/fjárframlög og sé skipt á þrjú ár, sbr. skiptingu í fjárhags- og framkvæmdaáætlun. Það sem mælir helst með því að gengið sé þannig til verks er m.a. eftirfarandi:

- Mjög dýrt er að koma tækjum á staðinn vegna fjarlægða. Því þarf að nýta tækifærið þegar slíkt færi gefst og framkvæma eins mikið og hægt er.
- Að ljúka verkinu skiptir sköpum fyrir baráttu fyrir líflegri byggð í landshlutanum, sérstaklega svæðið Húsavík-Vopnafjörður. Margir aðrir einstakir ferðamannastaðir í nágrenninu styðja við ferðamannastraum um svæðið. Heimskautsgerðið myndi tryggja umferð um Melrakkaslétu og Raufarhöfn, um landshluta sem er fáfarinn og á undir högg að sækja.
- Heimskautsgerðið hefur aðdráttarafl út fyrir landssteinana nú þegar, klárlega mun lúkning verks eingöngu auka þann hróður verulega. Einstök mynd náðist nú í byrjun september frá Gerðinu sem vakti athygli um allan heim og má telja líklegt að það muni

skila sér í enn auknum áhuga á heimsóknum til svæðisins. Myndin var mynd dagsins á heimasíðu NASA og er hér neðst í póstinum.

- Töluverðar hugmyndir eru nú þegar komnar í vinnslu hvað varðar nýtingu Heimskautsgerðisins til menningarsköpunar og eru m.a. fyrirhugaðir stórtónleikar við gerðið á næsta ári. Menningarlíf er hverju samfélagi lífsnauðsynlegt og styður þetta verkefni sannarlega við það.
- Ef ekki tekst að ljúka verkinu er líklegt að það standi næstu áratugi hálfklárað og sú fjárfesting sem nú þegar hefur verið lögð í verkið nýtist þá ekki sem skyldi.

Með þessu bréfi óskum við eftir áframhaldandi aðkomu Ríkissjóðs til að klára verkið og þeim framkvæmdum komið inn á fjárlög árána 2024-2026.

Virðingarfyllt,

Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri í Norðurþingi

Nanna Steina Höskuldsdóttir, verkefnastjóri atvinnu og samfélagsþróunar á Raufarhöfn



Myndir teknar af heimasíðu NASA:

https://apod.nasa.gov/apod/ap230916.html?fbclid=IwAR1a5MsjyOE4ExbzT8UZTnfl8v7hh3A9Jx14-ws_a9qgm14WZ4iBYqjX9QQ